



Fundargerð

50. fundur Lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
3. september 2024, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Magnús Einþór Áskelsson og Sveindís Valdimarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundarfulltrúi, Perla Dís Gunnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir boðaði forföll. Sveindís Valdimarsdóttir sat fundinn í hennar stað.

Lýðheilsuráð samþykkir einróma að taka á dagskrá Gulur September (2024090038). Fjallað er um málið undir dagskrárlíð 9.

* * *

1. Vinnuskóli Reykjanesbæjar sumarið 2024 (2024020093)

Svala Rún Magnúsdóttir aðstoðarforstöðumaður Vinnuskólans mætti á fundinn og sagði frá starfsemi Vinnuskólans sem gekk afar vel í sumar.

Lýðheilsuráð þakkar Svölu fyrir flotta kynningu og vill koma á framfæri kærum þökkum til ungmenna og stjórnenda sem störfuðu í Vinnuskólanum í sumar.

2. Ný félagsmiðstöð í Háaleitisskóla Ásbrú (2024080330)

Jón Ragnar Magnússon umsjónarmaður Brúarinnar, ný félagsmiðstöð í Háaleitisskóla á Ásbrú mætti á fundinn og kynnti væntanlega starfsemi félagsmiðstöðvarinnar.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og lýsir yfir ánægju með að félagsmiðstöðin Fjörheimar séu að útvíkka starfsemi sína út í hverfin.

3. Flotinn - viðbragð um Ljósanæturdagana (2024080168)

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins og Ólafur Bergur Ólafsson frístundaráðgjafi mættu á fundinn og kynntu Flotann flakkandi félagsmiðstöð sem byggð er upp á Flotanum í Reykjavík. Um er að ræða mjög áhugavert forvarnarviðbragð í

Reykjanesbæ. Að auki var sagt frá viðbragði forvarnaraðila sem verður viðhaft um Ljósanæturhelgina.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og skorar á foreldra að fylgjast vel með ungmennunum sínum og skilja börnin ekki eftir eftirlitslaus á hátíðarsvæðinu.

4. Ljósanótt 2024 - tilkynning til foreldra/forráðamanna (2024080168)

Lýðheilsuráð fór yfir tilkynningu til foreldra um að taka samtalið við börnin sín um að allir skemmti sér fallega í Ljósanæturhátíðinni.

5. Lýðheilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar (2024080331)

Lýðheilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar fer fram 30. september til 6. október.

Skipulagning er að hefjast.

Lýðheilsuráð hvetur stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til að skipuleggja viðburði og taka virkan þátt í lýðheilsu- og forvarnarvikunni.

6. Ábending til íbúa í Reykjanesbæ vegna skólabyrjunar (2024030103)

Lýðheilsuráð skorar á íbúa að aka varlega, spenna beltin og að öll sem eitt beri endurskinsmerki.

7. Fristundir.is (2023010324)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómskundafulltrúi fór yfir þau íþrótta- og tómskundatíloboð sem eru komin á fristundir.is.

8. Frísk 60+ lýðheilsunámskeið á vegum Keflavíkur og Njarðvíkur (2024080456)

Lýðheilsuráð vill hrósa Keflavík og Njarðvík fyrir að standa fyrir lýðheilsunámskeiðum fyrir 60 + og minnir á kynningarfund um verkefnið 16. september kl. 15.00 í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

9. Gulur September (2024090038)

Lýðheilsuráð minnir á Gulan september sem er samvinnuverkefni stofnana og félagasamtaka sem vinna saman að geðheilbrigði og sjálfsvígsvörnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.46